

29. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn þriðjudaginn 26. febrúar 2019 kl. 15:30 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS

Daniel Coaten boðaði forföll og varamaður hans hafði ekki tækni á að sækja fundinn. Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Fundir og uppákomur

Forstöðumaður fór yfir síðustu fundi og uppákomur, þar á meðal fund með bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnsýslusviðs Suðurnesjabæjar, kynningarfund fyrir bæjarstjórn og bæjarstjóra Reykjanesbæjar og svo heimsóknir nemendahópa og vísindamanna á vegum INTERACT.

2. Erindi til bæjarráðs vegna viðhalds sýningarinnar Heimskautin heilla

Erindi hefur verið sent bæjarráði Suðurnesjabæjar vegna viðhalds á tækjabúnaði sýningarinnar Heimskautin heilla. Óskað er eftir því að bærinn fjármagni viðgerðirnar og verður erindið tekið fyrir í vikunni.

3. Starfs- og rekstraráætlun 2019 kynnt

Forstöðumaður kynnti starfs- og rekstraráætlun ársins en þar er sagt frá helstu verkefnum setursins og stoðstofnana þess Náttúrustofu Suðvesturlands og Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Áætlanirnar voru sendar Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í janúar síðastliðnum og eru aðgengilegar á vefsíðu Þekkingarsetursins undir kaflanum Skjöl.

4. Styrkir

Forstöðumaður sagði frá tveimur styrkjum sem Þekkingarsetrið hlaut nýverið og eiga eftir að koma sér mjög vel. Annars vegar fékk setrið tvær milljónir króna úr Uppbyggingarsjóði

Suðurnesja til að vinna verkefnið Hvert fara kjóarnir? og hins vegar 500.000 kr. úr Samfélagssjóði Isavia til innleiðingar samfélagsvísinda í Þekkingarsetrinu.

5. Dagsetning ársfundar 2019

Ákveðið var að ársfundur Þekkingarsetursins verði haldinn fimmtudaginn 9. maí kl. 16:00.

6. Önnur mál

Engin önnur mál. Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 9. maí kl. 15:00.

Fundi var slitið kl. 16:50.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Jóna Rut Jónsdóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign